

# Skýringar

---

## Reikningskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður eftir reikningskilaaðferðum sveitarfélaga og er framsetning hans miðuð við samræmdan bókhaldslykil sveitarfélaga.

Fjármagnsyfirlitinu á bls. 4. er ætlað að sýna ráðstöfun á skatttekjum bæjarsjóðs og öðrum helstu peningalegum hreyfingum á árinu í samanburði við fjárhagsáætlun. Greiddir, gjaldfallnir og áfallnir vextir, vísitölu- og gengisbreytingar svo og afborganir á árinu vegna langtímalána eru færðir í fjármagnsyfirlitið, en ekki reiknaðar fjárhæðir.

Í rekstrar- og framkvæmdayfirliti á bls. 5 koma fram reiknaðar fjárhæðir, sbr. skýringu nr. 4.

Lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn og nemur fjárhæð áfallinnar skuldbindingar kr. 1.549,6 millj. Í efnahagsreikningi er annars vegar sýnd peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinganna og hins vegar að teknu tilliti til þeirra.

Hlutfjáreign og stofnfjáreign kr. 2.346,3 millj. er færð sem peningaleg eign, sjá nánar skýringu 7.

Áunnið ótekið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn. Nemur þessi fjárhæð kr. 96,8 millj. í árslok og hafði hækkað um 5,4 milli milli ára.

2. Fjárhagsáætlun ársins er birt í ársreikningnum til samanburðar.
3. Rekstri og framkvæmdum á árinu er skipt í eftirfarandi liði:

Rekstur.  
Gjaldfærða fjárfestingu.  
Eignfærða fjárfestingu.

Á rekstur eru færðar allar tekjur og gjöld sem stafa af rekstri sveitarfélagsins og ekki teljast til fjárfestinga.

Á gjaldfærða fjárfestingu færast kostnaður við allar framkvæmdir og aðrar eignabreytingar, sem ekki eru eignfærðar. Þá er átt við götur, holræsi, innanstokksmuni, áhöld og tæki. Það sem aftur á móti er eignfært í efnahagsreikningi eru eignarhlutir í félögum, húseignir og skráð ökutæki.

4. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á stöðu peningalegra eigna og skulda eru reiknuð og færð í ársreikninginn á eftirfarandi hátt:

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu, sem tók gildi 1. janúar 2002.

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok.

Áfallnar verðbætur og gengismunur, sem greiðist á næstu árum er færður til hækkunar á viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Mótfærsla er eiginfjárreikningur, enda ekki gert ráð fyrir þessum liðum í fjárhagsáætlun.

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól skulda koma fram í rekstrar- og framkvæmdayfirliti. Á sama hátt eru áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins, og á breytingu þeirra innan ársins reiknuð og birt í rekstrar- og framkvæmdayfirlitinu.

# Skýringar

5. Fastafjármunir bæjarsjóðs í efnahagsreikningi eru metnir á eftirfarandi hátt:

Húseignir sem komnar eru í mat í lok ársins eru færðar á gildandi fasteignamati, en aðrar húseignir eru færðar á kostnaðarverði, að frádrögnum endurgreiðslum, ef um þær er að ræða.

Aðrir fastafjármunir eins og bifreiðar og tæki eru færð á upphaflegur kostnaðarverði án framreiknings.

Afskriftir eru ekki reiknaðar.

6. Í reikningsskilum þessum er lagt til hliðar í afskriftareikning með óbeinni afskrift til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Óbeinar afskriftir nema í heild kr. 294.081.419 og flokkast niður eftir kröfuflokkum.

Útsvör.....	126.080.801
Fasteignagjöld.....	13.794.847
Lóða- og gatnagerðargjöld.....	47.850.300
Viðskiptamenn, ýmsir.....	29.776.984
Skuldabréf .....	76.578.487
	<u>294.081.419</u>

Kröfuflokkar hafa verið lækkaðir um ofangreindar fjárhæðir. Afskrifaðar kröfur á árinu námu kr. 19,5 millj. En lækkun tekna og hækkun gjalda 2001 vegna óbeinna afskrifta nam hins vegar kr. 35,1 millj.

## Eignarhlutir í félögum og stofnunum

7. Rafveita Hafnarfjarðar sameinaðist Hitaveitu Suðurnesja hf. þann 1.jan. 2001. Eigið fé RH var kr. 826 millj. við samrunann.

Eignarhlutur bæjarsjóðs í Hitaveitu Suðurnesja hf. er 16,67%. Nafnverð hlutabréfanna er kr. 1.133 millj. Eignarhlutur bæjarsjóðs í H.S. hf. er færður í ársreikninginn með hlutdeildaraðferð og nemur hann kr. 1.591 millj. í árslok 2001. Þá er búið að taka tillit til hlutdeildar bæjarsjóðs í rekstrarhagnaði H.S. á árinu 2001, en hún nemur kr. 102,2 millj. Þessar tekjur hafa ekki í för með sér innsteymi fjármagns heldur bindast í eignarhlut bæjarsjóðs í H.S.

Með sameignarsamningi dags. 12. des. 2001 gerðist bæjarsjóður eignaraðili að Orkuveitu Reykjavíkur sf. og er eignarhlutinn 1%. Þessi eign er færð í efnahagsreikningi á kr. 383,8 millj. sem er 1% af bókfærðu eigin fé O.R. sf. samkvæmt stofnefnahagsreikningi stofnunarinnar pr. 1. jan. 2002.

Aðrir eignarhlutir bæjarsjóðs að fjárhæð kr. 43,7 millj. m.a. í Jarðlind og Sprotasjóði eru bókfærðir á kostnaðarverði. Sama er að segja um stofnfé kr. 250 millj. í Vatnsveitu Hafnarfjarðar og 78,2 millj. í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

## Langtímakröfur

8. Afborganir af skuldabréfaeign dreifast þannig á næstu ár miðað við verðlag í árslok 2001.

Gjaldfallið.....	18.797
2002.....	105.376
Síðar.....	356.164
	<u>480.337</u>

## Skýringar

Næsta árs og gjaldfallnar afborganir kr. 124.172.768 eru færðar með veltufjármunum og eru langtímakröfur lækkaðar um sömu fiárhæð.

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

Staða 1/1.....	415.659
Veitt ný lán á árinu.....	392.003
Afborgun ársins.....	( 176.480)
Lán, færð frá lögfræðingi.....	20.991
Breyting vegna vísitölu.....	22.096
Seld bréf á árinu.....	( 117.354)
	<u>556.915</u>
Óbeinar afskriftir.....	( 76.578)
	<u>480.337</u>

Bæjarsjóður hefur, ásamt Þyrpingu hf. og J&K eignarhaldsfélagi ehf., stofnað einkahlutafélagið Norðurbakka ehf. sem hefur að markmiði uppbyggingu Norðurbakkasvæðisins við Hafnarfjarðarhöfn. Bæjarsjóður hefur selt Norðurbakka ehf. fasteignina Vesturgötu 9-13 á 190 millj. króna. Andvirðið er fært sem langtímakrafa í efnahagsreikningi, en það greiðist á miðju ári 2003 með hlutafjárukningu í Norðurbakka ehf.

9. Útistandandi bæjargjöld ásamt áföllnum vöxtum .....	789.467
Óbeinar afskriftir .....	( 187.726)
	<u>601.741</u>

### Fastafjármunir

10. Bókfært verð þeirra fastafjármuna sem færðir eru í efnahagsreikninginn greinist þannig:

Í þúsundum króna:	Húseignir	Bifreiðar og vinnuvélar	Samtals
Bókfært verð 1/1.....	6.590.878	58.025	6.648.903
Endurmat ársins.....	147.285	0	147.285
Viðbót ársins.....	651.803	25.000	676.803
Selt - fært út.....	( 218.000)	0	( 218.000)
Bókfært verð 31/12.....	<u>7.171.966</u>	<u>83.025</u>	<u>7.254.991</u>

### Eignir utan efnahagsreiknings

11. Tilteknað eignir bæjarsjóðs hafa verið gjaldfærðar við innkaup og eru því ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Þessar eignir eru m.a.:

Nýbygging gatna og holræsa, íþróttavellir og skrudgarðar. Einnig ýmsir lausafjármunir, svo sem tölvubúnaður, áhöld og annar búnaður sem notaður er við daglegan rekstur bæjarsjóðs.

Tryggingarverð lausafjármuna nam í árslok um kr. 744 millj.

## Skýringar

12. Fasteignamat bæjarlandsins frá í desember 2001 er um 11,0 milljarðar. Þetta er ekki eignfært í ársreikningi nú frekar en áður. Eins og kunnugt er þá er stærsti hlutinn bundinn til langs tíma með lóðarleigusamningum. Heildarstærð bæjarlandsins er um 147 km<sup>2</sup>. Innan þeirrar stærðar eru þó landspildur úr Jófríðarstaðalandi, Straumi, Óttarstaða og Lónakots.

Gatnakerfið í Hafnarfirði er nú um 141 km að lengd. Þar af eru um 134 km með bundnu slitlagi, eða um 95%

### Langtímaskuldir

13. Afborganir af langtímaskuldum dreifast þannig á næstu ár miðað við verðlag í árslok 2001.

Gjaldfallið.....	1.224.006
2002.....	436.202.858
2003.....	447.410.197
2004.....	411.260.008
2005.....	373.005.676
2006.....	287.077.235
Síðar.....	<u>6.126.260.211</u>
	<u>8.082.440.191</u>

Næsta árs og gjaldfallnar afborganir kr. 437.426.864 eru færðar með skammtímaskuldum og eru langtímaskuldir lækkaðar um sömu fjárhæð.

14. Yfirlit um langtímaskuldir:

	<u>2001</u>	<u>2000</u>
Staða 1. janúar.....	6.239.791	5.818.575
Tekin ný lán á árinu og endurfjármögnun.....	1.446.375	1.230.595
Þar af ný lán til endurfjármögnunar.....	( 284.175)	( 389.876)
Vatnsveita yfirfærslur lána.....	0	( 700.000)
Breyting vegna gengis og vísitölu.....	1.004.428	579.260
Afborganir ársins.....	<u>( 323.979)</u>	<u>( 298.763)</u>
	<u>8.082.440</u>	<u>6.239.791</u>

### Eigið fé

15. Yfirlit um eiginfjárreikninga (í þús. króna):

	<u>2001</u>	<u>2000</u>
Yfirfært frá fyrra ári.....	( 214.781)	( 171.643)
Lífeyrisskuldbindingar leiðrétt f.f. á.....	0	( 341.550)
	<u>( 214.781)</u>	<u>( 513.193)</u>
Breyting ársins 2001 er þannig:		
Frá rekstri:		
Mismunur tekna og gjalda.....	339.416	345.529
Frá gjaldfærðri fjárfestingu:		
Mismunur tekna og gjalda.....	<u>( 393.139)</u>	<u>( 334.954)</u>
	<u>( 268.504)</u>	<u>( 502.618)</u>
Áfallnar verðbætur á langtímakröfur - skuldir.....	( 981.109)	( 662.163)
Hlutdeild í Hitaveitu Suðurnesja.....	1.489.302	0
Hlutur í Orkuveitu Reykjavíkur.....	383.755	0
Matsbreytingar fastafjármuna.....	<u>147.285</u>	<u>950.000</u>
	<u>770.729</u>	<u>( 214.781)</u>

# Skýringar

## Ábyrgðarskuldbindingar

16. Samkvæmt reglugerð um Eftirlaunasjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar hvílir ábyrgð á Bæjarsjóði Hafnarfjarðar og stofnunum hans á skuldbindingum Sjóðsins sem eru umfram það sem eignir Sjóðsins geta staðið undir.

Árlega áætlað Bæjarsjóður fyrir endurgreiðslum til Eftirlaunasjóðsins vegna hluta lífeyrisgreiðslna sem honum ber að greiða. Miðað er við áfallna lífeyrisskuldbindingu nettó umfram eignir Eftirlaunasjóðsins. Áfallin lífeyrisskuldbinding nettó í árslok 2001 umfram eignir Eftirlaunasjóðsins á sama tíma er um kr. 1.549,6 millj. á móti um kr. 1.264,2 millj. í árslok 2000.

Áfallin skuldbinding Bæjarsjóðs í árslok 2001 kr. 1.549,6 millj. er færð til skuldar í efnahagsreikningi en hún er vegna Bæjarsjóðs, Bæjarútgerðarinnar, Hraunkots og Félags leikskólakennara.

17. Á bæjarsjóði hvílir ábyrgðarskuldbinding gagnvart þriðja aðila að fjárhæð um kr. 51 millj. í árslok 2001.

Þetta er virðisaukaskattskvöð vegna Fjarðargötu 13 -15, aðallega vegna bílgeymsluhúss. Þessi ábyrgðarskuldbinding er ekki færð í ársreikninginn.

Bæjarsjóður hefur gert samstarfssamning við Þyrpingu hf. og J&K eignarhaldsfélag ehf. um uppbyggingu Norðurbakkasvæðisins við Hafnarfjarðarhöfn. Samkvæmt samningnum skal bæjarsjóður kosta ákveðnar framkvæmdir á svæðinu, svo sem landfyllingu og gerð smábátahafnar eða viðlegukanta.

18. Bæjarsjóður hefur gert rekstrarleigusamninga (einkaframkvæmdarsamninga) um byggingu, leigu og rekstur á alls sjö fasteignum undir skóla, leikskóla og æskulýðs- og íþróttastarf. Um er að ræða skólahús Áslandsskóla, leikskólann Tjarnarás, leikskólann Álfastein, íþrótt- og kennslumiðstöð á Bjarkarreit (Bjarkarhús), skólahús og íþróttahús Lækjarskóla og leikskólann Hörðuvelli. Samningarnir eru allir til um það bil 25 ára, og lýkur á tímabilinu 2025 til 2029.

Með þessum samningum er farið eins og fyrir er lagt í reikningsskilastaðli nr. 17 frá Alþjóðareikningsskilaneftdinni. Fundin er svokölluð lágmarksleiga (minimum lease payment), sem reiknast þannig, að frá brúttóleigu er dreginn áætlaður viðhaldskostnaður, fasteignagjöld (önnur en fasteignaskattur) og váttryggingar. Skuldbindingar Bæjarsjóðs vegna þessara samninga greinast þá þannig:

	Upphaf leigutíma	Nafnverð lágmarksleigugreiðslna			Núvirði leigugreiðslna
		2002	2003-06	Síðar	
Áslandsskóli 2/3 hl. ....	22/08/01	42.841	171.365	865.751	487.240
Áslandsskóli 1/3 hl. ....	01/08/02	26.776	85.683	415.025	243.620
Alls		69.617	257.048	1.280.776	730.860
Leikskólinn Tjarnarás .....	20/07/01	10.681	42.723	194.926	119.841
Leikskólinn Álfasteinn .....	15/03/01	13.967	55.867	265.370	158.601
Íþrótt- og kennslumiðst. ....	15/04/02	23.961	135.310	676.551	380.133
Lækjarskóli 2/3 hl. ....	01/08/02	31.072	298.290	1.609.522	792.419
Lækjarskóli 1/3 hl. ....	01/08/03	0	127.395	804.761	396.209
Alls		31.072	425.685	2.414.283	1.188.628
Lækjarskóli, íþróttahús .....	01/08/04	0	63.158	590.204	249.874
Leikskólinn Hörðuvellir .....	01/05/02	0	48.946	213.266	118.002
Samtals		149.298	1.028.737	5.635.376	2.945.939

# Skýringar

## Önnur mál

19. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) eru færðar þannig í fjármagnsyfirliti annars vegar og rekstraryfirliti hins vegar:

Í þúsundum króna:

	2001	2000
Innborgaðar og áfallnar vaxtatekjur af veltufjármunum.....	34.902	54.095
Greidd og áfallin vaxtagjöld af skammtímaskuldum.....	( 30.569)	( 24.098)
	Vextir af hreinu veltufé	29.997
Greiddir og áfallnir vextir af langtímaskuldum.....	( 400.830)	( 374.026)
Innborgaðar og áfallnar vaxtatekjur af langtímakröfum.....	41.630	49.449
	<b>Vextir samtals færðir í fjármagnsyfirliti</b>	<b>( 294.580)</b>
Áfallnar verðbætur og gengismunur.....	( 981.109)	( 569.676)
Reiknuð færsla vegna verðlagsbreytinga.....	434.005	218.795
	<b>Fjármagnskostnaður færður í rekstrar- og framkvæmdayfirlit</b>	<b>( 645.461)</b>